



Fundargerð

Verkefnisstjórn rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

28. fundur, miðvikudaginn 2. júní, kl. 16:00-18:15 í Orkugarði, Reykjavík

Mætt: Svanfríður Jónasdóttir, Anna Sverrisdóttir, Elín R. Líndal, Friðrik Dagur Arnarson, Guðni Jóhannesson, Kjartan Ólafsson (formaður faghóps III), Kristinn Einarsson (OS), Kristín Linda Árnadóttir, Stefán Arnórsson, Unnur Brá Konráðsdóttir, Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Helga Barðadóttir (iðnaðarráðuneytinu) og Tómas Þór Tómasson sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Björg Eva Erlendsdóttir, Hjörleifur Kvaran, Kristín Huld Sigurðardóttir, Steinunn Fjóra Sigurðardóttir (umhverfisráðuneytinu) og Sveinbjörn Björnsson

Fundarfrásögn

- Fundargerð.** Fundargerð síðasta fundar frá 21. apríl var samþykkt.
- Umsagnir úr kynningarferli.** Alls bárust 39 skriflegar umsagnir, auk munnlegra umsagna á 10 kynningarfundum. Í upphafi tjáðu formenn faghópa sig sig almennt um umsagnirnar.
 - Þóra (faghópur I)** taldi umsagnir á margan hátt gagnlegar og sanngjarnar. Sumt í störfum hópsins væri rétt að skoða nánar. Hún nefndi m.a. afmörkun svæða (fyrst Torfajökulssvæðið og Kerlingarfjöll hefðu verið metin sem eitt svæði hefði sama getað gilt um Reykjanesskaga) og lítilvægari þætti á borð við t.d. mönnun hópsins og vogtölur. Talsverðar athugasemdir hefðu komið fram á AHP-röðun en í eðli þeirrar aðferðar liggur er að hún getur aldrei verið gegnsæ. Hún væri þó nauðsynleg til að meta vægi sérstaks mikilvægis einstakra svæða Orkugeirinn telji slíkt vega of þungt en t.d. Náttúrufræðistofnun telur það vega of létt. Ef hið sérstaka mikilvægi vegur of þungt getur áð yfirgnæftaðra einkunagjöf og ef það vegur of létt draga aðrar einkunnir það niður. Að mati Þóru gefur AHP-aðferðin að öllu jöfnu bestu niðurstöðuna. Loks taldi Þóra að greinargerðir faghópa í skýrslunni hafi verið of stuttar og knappar þannig að aðferðafræðinni hafi ekki verið gerð nægileg skil. „Eftir á að hyggja var skýrslan allt of stutt.“
 - Anna (faghópur II)** sagði umsagnirnar hafa fjallað um margar hliðar á störfum hópsins, gagnrýnin hefði að mestu verið skiljanleg og fyrirsjáanleg. Ástæða gæti verið að endurskoða mat nokkurra svæða og nefndi t.d. þátt raflína. Það ætti þó að vera í höndum verkefnisstjórnar að ákveða slíkt.
 - Kjartan (faghópur III)** sagði umsagnir mismunandi en flestar mjög gagnlegar og gæfu góða leiðsögn. Ljóst væri þó að sumir hefðu ekki náð að skilja út á hvað vinnan hefði gengið en aðrir fyrst og fremst verið ósáttir við forsendur matsins. OR hefði sýnilega lagt mesta vinnu í sína umsögn og væri af þeim sökum mjög gagnleg. Aðrir fundarmenn tóku undir þessa skoðun. Kjartan bætti við að óvíst væri hvernig hópurinn við myndi vinna úr umsögnum og bregðast við þeim.
 - Guðni (faghópur IV)** sagði gagnrýni helst snúastað ákveðnir kostir hefðu ekki verið teknir með og kostnaðarútreikninga. Svo virtist sem umsagnaraðilar hafi ekki gert sér grein fyrir hversu gróft kostnaðarmatið er. Þá kæmu fram raddir sem teldu að

taumur jarðvarmavirkjana væri dreginn um of á kostnað vatnsaflsins. Samröðun kosta faghópa 3 og 4 fór „dálítið illa“ í suma sem Guðni taldi byggja á misskilningi.

Í kjölfar almennrar umfjöllunar formanna um umsagnirnar tóku við skoðanaskipti þar sem marga þætti bar á góma. Þeir helstu voru:

- a. **Svanfríður** dró saman sitt mat og drap á ýmis álitamál. Almennt taldi hún margar umsagnir bera með sér misskilning á forsendum rammaáætlunar; verkefnisstjórn væri ætlað að raða virkjunarkostum og byggji því á forsendum orkuvinnslu en sumir virtust vilja breyta áætluninni í eins konar náttúruverndaráætlun. Kristín Linda benti einnig á að í athugasemdum starfsfólks Umhverfisstofnunar hefði borið á misskilningi á nokkrum veigamiklum atriðum sem benti til þess að framsetning væri ekki nógu skýr og væri ástæða til að efla gagnrýna hugsun innan verkefnisstjórnar.
- b. **Tveir listar í niðurstöðum.** Svanfríður varpaði m.a. fram þeirri hugmynd hvort ástæða væri til að leggja fram tvo lista í niðurstöðum: Í öðrum væri forgangsröðun vatnsaflskosta og í hinum væri röð jarðhitakosta. Eðli orkunýtingar jarðhita og vatnsafls væri svo ólíkt. Stefán taldi marga þætti mæla með slíkri nálgun, m.a. að auðvelt væri að meta orkugetu vatnsafls en óvissan varðandi jarðhitann væri verulegur og að hagkvæmni virkjana jarðhita og vatnsafls væri ólík; litlar jarðvarmavirkjanir gætu verið hagkvæmar en því stærri sem vatnsaflvirkjanir væru, því meiri væri hagkvæmnin. Guðni, Þóra og Unnur Brá töldu ekki ástæðu til að skipta mati í tvennt með þessum hætti.
- c. **Skipan stjórnar til framtíðar.** Fram kom umræða um framtíðarskipan verkefnisstjórnar, m.a. að e.t.v. væri betra að hún yrði fámennari og kallaði til sín aðra aðila eftir atvikum. Þá var varpað fram þeirri hugmynd hvort rétt væri að formenn faghópa sætu í stjórninni. Voru skoðanir nokkuð skiptar en almennt var talið að náíð samráð stjórnar við formenn faghópa væri mjög mikilvægt. M.a. lýsti Kjartan formaður faghóps III, sem setið hefur stjórnarfundi án þess að tilheyra verkefnisstjórn formlega, þeirri skoðun sinni að hann teldi viðveru sína hafa verið mjög mikilvæga og að sumu leyti væri kostur að standa formlega utan stjórnarinnar.
- d. **Friðuð svæði.** Svanfríður nefndi að í umsögnum væri mikið rætt um friðuð svæði og augljóst væri að bregðast yrði við þeirri umræðu. Friðrik taldi þá stöðu að friðuð svæði væru ekki óhullt fyrir hugsanlegri orkuvinnslu skapa mikla óvissu um að sú sátt sem stefnt er að næðist fram. Að hans mati ætti að taka friðuð svæði út fyrir sviga og sleppa þeim í forgangsröðuninni. Þóra tók undir þessa skoðun. Þá taldi Friðrik hugtakið „virkjunarkost“ vera mjög gildishlaðið og lagði til að frekar yrði rætt um „virkjunarmöguleika“. Stefán benti á að verkefnisstjórn hefði tekið þá ákvörðun að taka til mats öll svæði, þ.á.m. friðuð svæði, til að öll svæði hefðu sambærilegt verðmætamat. Hann liti ekki svo á að þar með myndi rammaáætlun mæla með virkjunarframkæmdum á þeim svæðum. Anna lýsti undrun sinni á ummælum umhverfisráðherra í fjölmiðlum um að friðuð svæði ættu ekki að koma fram í niðurstöðum rammaáætlunar. Taldi Anna verkefnisstjórn eiga kröfu á að stjórnvöld skýrðu þessi ummæli og hvort þetta væri opinber stefna. Ef svo væri hefðu faghópar eytt dýrmætum tíma og peningum í mat á svæðum sem ekki eiga á að taka með. Fram komu fleiri raddir sem lýstu óánægju með slík ummæli sem hefðu áhrif á störf verkefnisstjórnar og væru í andstöðu við erindisbréf hennar.

- e. **Sjálfbær þróun.** Friðrik Dagur taldi að vinna rammaáætlunar stæðist ekki grunnforsendur sjálfbærrar þróunar þar sem þar skorti mat á félagslegum og efnahagslegum víddum. Guðni var ósammála þessari sýn og taldi vinnuna hafi verið í samræmi við grunnforsendur skilgreiningar um sjálfbærni en komist mis langt í tilliti til mismunandi vídda. Stefán saknaði skýrslu sjálfbærnihóps um jarðhitavinnslu sem átti að koma út fyrir nokkru.
- f. **Mikilvægi samfélagslegs mats.** Fundarmenn voru sammála um að mat á samfélagsáhrifum virkjana væri afar mikilvægt og ástæða væri til að efla og bæta þann þátt í framtíðinni. Kjartan benti á að hér væri við ramman reip að draga enda væri ávallt um að ræða gildismat einstaklinga; það sem einum þætti gott þætti öðrum slæmt. Vinna að slíku mati væri þó framkvæmanlegt en væri kostaðarsamt, tímafrekt og niðurstöður mæti túlka á ýmsa vegu. Elín taldi að mat faghóps III í þessum efnum hefði gefið þá niðurstöðu sem skipti máli: Mest áhrif og mikill meirihluti starfa kæmu fram á höfuðborgarsvæðinu óháð staðsetningu eða stærð virkjunar.

3. Staða mála og vinnan framundan. Umræður um framhald vinnunnar blönduðust inn í athugasemdir fundarmanna við umsagnir en það semhelsta sem fram kom var eftirfarandi.

- a. **Lagafrumvarp.** Lítið hafði frést af framgangi lagafrumvarps er markað mun stöðu rammaáætlunar. Helga Barðadóttir upplýsti að samkvæmt heimildum iðnaðaráðuneytsins stæði nú aðeins eitt atriði út af borðinu er sneri að skipulagsmálum. Elín bætti við að samkomulag væri í sjónmáli milli sveitarfélaga og umhverfisráðherra um landsskipulag.
- b. **Aðkoma faghópa.** Anna kallaði eftir ákvörðun um aðkomu faghópa að umsögnum. Talið var einsýnt að faghóparnir komi saman og bregðist við umsögnum og var jafnfarmt varpað fram hugmynd um að kallaðir yrðu til utanaðkomandi aðilar sem lóðsuðu þá vinnu.
- c. **Vinnulag gagnvart umsögnum og lokaniðurstöðu.** Guðni varaði við því að verkefnisstjórn gengi of langt í sinni vinnu og að varast bæri að fara inn á verkvið Orkustefnufndar sem er langt komin við mótun tillagna um orkustefnu til framtíðar. Friðrik taldi mikilvægt að tekið yrði ríkt tillit til umsagna og vinnunni yrði breytt til að koma til móts við innihald þeirra. Unnur Brá taldi að verkefnisstjórn hefði fylgt erindisbréfi sínu og þeim kúrs ætti að halda. Niðurstaða umræðnanna var að vinna að rammaáætlun væri í sjálfsér óendanleg og ómögulegt væri að finna óumdeildan endapunkt. Samstaða var um að mjög mikilvægt væri að fá leiðsögn frá ríkisstjórn um hvernig standa skyldi að lokum vinnu að rammaáætlun
- d. **Næstu skref.** Samþykkt var að faghópar kæmu saman í sumarlok til að vinna efnisleg svör við umsögnum er lægju fyrir í haust. Öllum umsagnaraðilum skal senda staðlað bréf þar sem þessum viðbrögðum er lýst. Vinna rammaáætlunar mun að mestu liggja niðri fram á haust.